

Nokkur heilræði til foreldra Sindra



Hvetjið börnin til þátttöku

- ekki þvinga þau, ánægja þeirra og áhugi er það sem máli skiptir.

Mætið bæði á leiki og á æfingar

- það hvetur og uppörvar börnin að finna fyrir áhuga ykkar, líka þegar þau eldast.

Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans og dómarans

- ekki reyna að hafa áhrif á hann meðan á leik eða æfingu stendur og látið hann um þjálfunina og leikstjórnunina. Ekki hrópa og kalla á ykkar börn á æfingum, það truflar einbeitingu þeirra og gerir þau taugaóstyrk.

Ósætti

Ef þú sem foreldri ert ósátt(ur) við eitthvað í starfi þjálfarans eða flokksins er best að ræða þá óánægju við þjálfarann sjálfan, eða við forráðamenn félagsins (yfirþjálfara eða yngriflokka ráð).

Hvetjið liðið í heild

- ekki bara ykkar börn.

Látið aðeins jákvæð og hvetjandi orð frá ykkur fara á meðan leikur stendur

- þetta er bara leikur og ánægjan yfir því að taka þátt er númer eitt.

Hafið hvatninguna einfalda og almenna

- ekki reyna að fjarstýra börnunum frá hliðarlínunni, það ruglar þau bara. Aldrei gera grín að barni þótt það geri mistök.

Stuðlið að jákvæðum samskiptum við foreldra frá öðrum félögum

- rígur og metingur eiga ekki heima á þessum vettvangi.

Sýnið ekki mótherjum barnanna ykkar neikvætt viðhorf

- gagnkvæm virðing og kurteisi er hinn sanni íþróttandi.

Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs

- ekki gagnrýna þegar illa gengur. Hvetjið þau og uppörvið eftir tapleiki og klappið fyrir þeim þó leikurinn hafi ekki unnist.

Keppisdagur er alltaf hátíðisdagur

- sama hvernig leikurinn fer, látum óhagstæð úrslit ekki spilla fyrir því.

Lítið á dómarann sem leiðbeinanda barnanna

- ekki gagnrýna ákvarðanir hans.

Spyrjið hvort leikurinn hafi verið skemmtilegur eða spennandi

- úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.

Sýnið starfi félagsins virðingu

- verið virk á foreldrafundum þar sem umræður fara fram um starfsemina, þar er ykkar vettvangur.

Athugið hvort þið getið orðið að liði á einhvern hátt

- það eru foreldrar sem sjá um alla starfsemina í yngri flokkunum - margar hendur vinna létt verk.

Gerið ykkur grein fyrir því að það eru börnin ykkar sem eru að spila fótbolta

- ekki þið sjálf!